

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/749

2021/EES/22/56

frá 4. júní 2020

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórat í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/865/EB (2) voru öll leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda klórat afturkölluð eftir að klórat var ekki fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (3).
- 2) Engin tiltekin hámarksgildi leifa hafa verið fastsett fyrir klórat og þar eð efnið hefur ekki verið fært á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 gildir sem stendur staðlað hámarksgildi leifa, sem nemur 0,01 mg/kg, um allt fóður og öll matvæli sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 3) Að frátaldri fyrri notkun klórats í plöntuverndarvörum er það einnig efni sem myndast sem aukaafurð vegna notkunar á sótthreinsiefnum, sem innihalda klór, við vinnslu matvæla og drykkjarvatns. Af þessari notkun leiðir núverandi ástand þar sem leifar af klórati eru greinanlegar í matvælum.
- 4) Á árunum 2014 til 2018 safnaði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vöktunargögnum til að rannsaka tilvist klóratleifa í matvælum og drykkjarvatni. Þessi gögn bentu til þess að klóratleifar séu fyrir hendi í styrk sem fer oft yfir staðlað hámarksgildi leifa, sem nemur 0,01 mg/kg, og að styrkurinn sé mismunandi eftir uppruna og afurð. Af þessum niðurstöðum leiðir að jafnvel þótt góðar starfsvenjur séu í notkun er sem stendur ekki unnt að ná styrk klóratleifa sem er í samræmi við gildandi hámarksgildi leifa sem nemur 0,01 mg/kg.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti vísindalegt álit um áhættu fyrir lýðheilsu í tengslum við tilvist klórats í matvælum (4). Í því áliti fastsetti Matvælaöryggisstofnunin þolanlega daglega inntöku sem nemur 3 µg/kg af líkamsþyngd á dag og viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar sem nemur 36 µg/kg af líkamsþyngd. Á grundvelli gagna sem safnað var 2014 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að bráð fæðutengd váhrif vegna klórats færu ekki yfir viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar. Meðaltal fæðutengdra váhrifa vegna klórats í evrópskum löndum fór yfir þolanlega daglega inntöku hjá tilteknum undirhópum íbúa, s.s. ungbörnum og smábörnum með joðskort sem er vægur eða í meðallagi.
- 6) Í því skyni að minnka styrk klórats og draga úr váhrifum með samræmdum aðgerðum í nokkrum mikilvægum og tengdum geirum samþykktu aðildarríkin þverfaglega aðgerðaráætlun á árinu 2017 sem felur í sér röð aðgerða sem grípa á til samhliða, þ.m.t. aðgerðir tengdar drykkjarvatni og hollustuháttum, og að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótd. ESB L 178, 8.6.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjótd. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/865/EB frá 10. nóvember 2008 um að færa klórat ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efnið (Stjótd. ESB L 307, 18.11.2008, bls. 7).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjótd. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Scientific opinion on the risks for public health related to the presence of chlorate in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(6), 4135, 103 bls.

- 7) Í þessari reglugerð er fjallað um setningu bráðabirgðahámarksgilda leifa í matvælum. Í þeim tilgangi söfnuðu bæði aðildarríkin og stjórnendur matvælafyrirtækja miklu magni af gögnum um tilvist efnisins á árunum 2014 til 2018. Gögnin sýna almenna þróun í átt að minnkandi styrk sem bendir til þess að framleiðsluhættir hafi nú þegar batnað að vissu marki. Að því er varðar sérstök tilvik varðandi klórat þegar leifar þess stafa ekki af notkun varnarefna heldur leiða af notkun á lausnum, sem eru að stofni til úr klór, við matvælavinnslu og meðhöndlun drykkjarvatns ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við gildi sem raunhæft er að ætlast til að megi ná (ALARA-meginreglan) með því að fylgja góðum framleiðsluháttum og tryggja um leið að áfram sé unnt að viðhalda góðum hollustustarfsvenjum. Þessi nálgun tryggir að stjórnendur matvælafyrirtækja beiti ráðstöfunum til að koma í veg fyrir og draga eins mikið úr styrk klórats í matvælum og unnt er til að vernda lýðheilsu en taki einnig tillit til þess að örverufræðilegt öryggi matvæla er nauðsynlegt.
- 8) Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórat samkvæmt ALARA-meginreglunni eru byggð á 95. hundraðshlutamarki gagna um tilvist, að teknu tilliti til notkunar á drykkjarvatni sem hefur verið meðhöndlað á lögmætum hátt í matvælavinnslu. Endurskoða ætti bráðabirgðahámarksgildi leifa eigi síðar en innan fimm ára frá birtingu þessarar reglugerðar í ljósi hugsanlegrar þróunar á sviði hollustuhátta, drykkjarvatns, frekara framfara hjá stjórnendum matvælafyrirtækja við að minnka styrk klórats eða þegar nýjar upplýsingar og gögn, sem myndu kalla á endurskoðun fyrr, verða aðgengileg.
- 9) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins varðandi viðeigandi magngreiningarmörk fyrir klóratleifar í tilteknum sérstökum vörum.
- 10) Á grundvelli vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla tillögð hámarksgildi leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 11) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klórat skal endurskoðað eigi síðar en 8. júní 2025.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er eftirfarandi dálki bætt við fyrir klórat:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(*)	Klórat (A)
(1)	(2)	(3)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítusávextir	0,05
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	Trjáhnetur	0,1
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	Kjarnaávextir	0,05
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0140000	Steinaldín	0,05
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	Ber og smá aldin	0,05
0151000	a) Þrúgur	
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) Jarðarber	
0153000	c) Klungurber	
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) Önnur smá aldin og ber	
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplapyrniber/Miðjarðarhafstrjámspilsaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað (2)	
0160000	Ýmis aldin með	
0161000	a) Ætu hýði	
0161010	Döðlur	0,3
0161020	Fíkjur	0,3
0161030	Ólífur til átu	0,7
0161040	Gullappelsínur	0,3
0161050	Stjörnualdin	0,3
0161060	Gallaldin	0,3
0161070	Jövuplómur	0,3
0161990	Annað (2)	0,3

(1)	(2)	(3)
0162000	b) Óætu hýði, lítil	0,3
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) Óætu hýði, stór	0,3
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjaldin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvövrur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað (2)	
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótar- og hnýðisgrænmeti	
0211000	a) Kartöflur	0,05
0212000	b) HitabeltISRótar- og hnýðisgrænmeti	0,05
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum	0,15
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Píparrót	

(1)	(2)	(3)
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	Laukar	
0220010	Hvítlaukur	0,7
0220020	Laukar	0,5
0220030	Skalottlaukar	0,5
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	0,5
0220990	Annað (2)	0,05
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt	
0231010	Tómatar	0,1
0231020	Paprikur	0,3
0231030	Eggaldin	0,4
0231040	Okkur	0,1
0231990	Annað (2)	0,1
0232000	b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði	0,2
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbítar	
0232990	Annað (2)	
0233000	c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði	0,08
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) Sykurmaís	0,1
0239000	e) Annað aldingrænmeti	0,1
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	
0241000	a) Blómstrandi kál	
0241010	Spergilkál	0,4

(1)	(2)	(3)
0241020	Blómkál	0,06
0241990	Annað (2)	0,06
0242000	b) Kálhöfuð	0,07
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) Blaðkál	
0243010	Kínakál	0,06
0243020	Grænkál	0,2
0243990	Annað (2)	0,06
0244000	d) Hnúðkál	0,06
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	0,7
0251000	a) Salat og salatplöntur	
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettsalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	
0251990	Annað (2)	
0252000	b) Spínat og áþekkt blöð	
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) Vínviðarlauf og áþekktar tegundir	
0254000	d) Brunnerla	
0255000	e) Jólasalat/salatfíflar	
0256000	f) Kryddjurtir og æt blóm	
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	

(1)	(2)	(3)
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	Belgávextir	0,35
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað (2)	
0270000	Stöngulgrænmeti	0,25
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað (2)	
0280000	Sveppir, mosar og fléttur	
0280010	Ræktaðir sveppir	0,7
0280020	Vilttir sveppir	0,7
0280990	Mosar og fléttur	0,05
0290000	Þörungur og dreifkjörnungslífverur	0,05
0300000	BELGÁVEXTIR	0,35
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	
0401000	Olíufræ	0,05
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúafræ	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ	
0401110	Litunarþistilsfræ	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufræ	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað (2)	
0402000	Olíurík aldin	0,7
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	KORNVÖRUR	0,05
0500010	Bygg	
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	
0500030	Maís	
0500040	Hirsi	
0500050	Hafrar	
0500060	Hrísgrjón	
0500070	Rúgur	
0500080	Dúrra	
0500090	Hveiti	
0500990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ	0,05
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	Jurtate úr	
0631000	a) Blómum	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknaólífur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) Blöðum og kryddjurtum	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) Rótum	
0633010	Garðabruða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) Öðrum plöntuhlutum	
0640000	Kakóbaunir	
0650000	Jóhannesarbrauð	
0700000	HUMLAR	0,05
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,07
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0820000	Aldinkrydd	0,07
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	Barkarkrydd	0,07
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,07
0840020	Engifer (10)	
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,07
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	0,07
0850000	Blómhnappakrydd	0,07
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	Frævukrydd	0,07
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	Frækápukrydd	0,07
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,05
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykkureyr	
0900030	Kaffifílsrætur	
0900990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	
1010000	Vörur úr	
1011000	a) Svínur	
1011010	Vöðvi	0,05
1011020	Fita	0,1 (*)
1011030	Lifur	0,05
1011040	Nýru	0,05
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1011990	Annað (2)	0,05
1012000	b) Nautgripur	
1012010	Vöðvi	0,05
1012020	Fita	0,1 (*)
1012030	Lifur	0,05
1012040	Nýru	0,05
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1012990	Annað (2)	0,05
1013000	c) Sauðfé	
1013010	Vöðvi	0,05
1013020	Fita	0,1 (*)
1013030	Lifur	0,05
1013040	Nýru	0,05
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1013990	Annað (2)	0,05
1014000	d) Geitum	
1014010	Vöðvi	0,05
1014020	Fita	0,1 (*)
1014030	Lifur	0,05
1014040	Nýru	0,05
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1014990	Annað (2)	0,05
1015000	e) Hestum	
1015010	Vöðvi	0,05
1015020	Fita	0,1 (*)
1015030	Lifur	0,05
1015040	Nýru	0,05

(1)	(2)	(3)
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1015990	Annað (2)	0,05
1016000	f) Alifuglum	
1016010	Vöðvi	0,05
1016020	Fita	0,1 (*)
1016030	Lifur	0,05
1016040	Nýru	0,05
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1016990	Annað (2)	0,05
1017000	g) Öðrum öldum landdýrum	
1017010	Vöðvi	0,05
1017020	Fita	0,1 (*)
1017030	Lifur	0,05
1017040	Nýru	0,05
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05
1017990	Annað (2)	0,05
1020000	Mjólk	0,1
1020010	Nautgripir	(+)
1020020	Sauðfé	(+)
1020030	Geitur	(+)
1020040	Hestar	(+)
1020990	Annað (2)	
1030000	Fuglsegg	0,05
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,05
1060000	Landhryggleysingjar	0,05
1070000	Villt landhryggdýr	0,05
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)	

(1)	(2)	(3)
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)	
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)	

(*) Greiningarmörk

(a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Klórát (A)

(A) Til að taka tillit til sérstakra aðstæðna vegna klóratleifa í unnum matvælum (þ.m.t., að því er varðar þessa reglugerð, matvæli sem eru fengin með notkun vinnsluaðferða sem eru tilgreindar í n-lið 1. mgr. 2. mgr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004) sem hafa komist í snertingu við vörur sem innihalda klóratleifar eða sem innihalda innihaldsefni með slíkum leifum, s.s. hjálparefni við vinnslu eða drykkjarvatn, sem eru notuð í samræmi við viðeigandi lagaskilyrði, ætti að taka tillit til þessa viðbótarmagns klóratleifa við ákvörðun á leyfilegu innihaldi klóratleifa í eða á unnum matvælum í samræmi við 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar. Sönnunarbyrðin, að því er varðar styrk þessa viðbótarmagns, liggur hjá stjórnanda matvælafyrirtækisins.

(+) Þ.m.t. hrámjólk, hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 1308/2013. Hámarksgildi leifa gildir um mjólk sem er tilbúin til notkunar (markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda).

1020010 Nautgripir

(+) Hrámjólk, hitameðhöndluð mjólk og mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk. Hámarksgildi leifa gildir um mjólk sem er tilbúin til notkunar (markaðssett sem slík eða endurgerð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda).

1020020 Sauðfé

1020030 Geitur

1020040 Hestar“